

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 428/2025 um félagslegt leiguhúsnæði hjá Hafnarfjarðarkaupstað.

1. gr.

2. mgr. 12. gr. reglnanna fellur brott.

2. gr.

3. mgr. 12. gr. reglnanna, sem verður 2. mgr. 12. gr., breytist og verður svohljóðandi:

Að jafnaði eru gerðir ótímabundnir leigusamningar vegna almenns félagslegs leiguhúsnæðis og húsnæðis fyrir fatlað fólk. Húsaleigusamningar eru gerðir til skemmri tíma þegar aðstæður leigjanda eru með þeim hætti að nauðsynlegt er að veita aukinn stuðning og/eða meta færni leigjanda til sjálfstæðrar búsetu.

3. gr.

Við 12. gr. reglnanna bætist ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:

Sé gerður tímabundinn húsleigusamningur þarf leigutaki að óska eftir áframhaldandi leigu eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir lok leigutímans og skila inn umsókn ásamt gögnum til fjölskyldu- og barnamálasviðs, að öðrum kosti ber leigutaka að rýma hið leigða húsnæði á umsömdum degi án sérstakrar uppsagnar eða tilkynningar. Áframhaldandi leiguafnot eru háð mati á aðstæðum leigutaka hverju sinni áður en til endurnýjunar leigusamnings kemur.

Eftirtalin atriði geta meðal annars valdið því að ekki komi til áframhaldandi leigu:

Leigutaki uppfyllir ekki lengur skilyrði leiguréttar samkvæmt reglum þessum, sbr. 1. og 4. gr.

Vanskil á greiðslu húsaleigu og húsgjalda. Ítrekuð brot á húsreglum.

Húsnæði nýtt á annan hátt en húsaleigusamningur eða reglur þessar segja til um.

Húsnæði spillist í umsjá leigutaka vegna slæmrar umgengni eða hirðuleysis.

4. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með stoð í X. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, öðlast gildi 15. júlí 2025.

Breytingarnar voru samþykktar í fjölskylduráði Hafnarfjarðar 27. maí 2025 og í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 4. júní 2025.

Hafnarfirði, 13. júní 2025.

Guðlaug Ósk Gísladóttir, sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs.